



Reglur Hvalfjarðarsveitar um laun til fulltrúa í sveitarstjórn, nefndum, ráðum og kjörstjórn

Laun sveitarstjórnar, oddvita sveitarstjórnar, formanna og fulltrúa í nefndum, ráðum og kjörstjórn á vegum Hvalfjarðarsveitar skal vera hlutfall af þingfararkaupi alþingismanna.

Framangreind laun reiknast sem mismunandi hlutföll af þingfararkaupi, sbr. nánari skilgreiningar og hlutföll hér fyrir neðan. Viðmiðunarfjárhæðir taka breytingum, nema annað sé ákveðið af sveitarstjórn, í takt við breytingar á þingfararkaupi hverju sinni. Frá júlí 2024 er þingfararkaup kr. 1.525.841 og tekur það breytingum skv. ákvörðun Alþingis um þingfararkaup.

Laun sveitarstjórnarfulltrúa

Grunnlaun:

Oddviti sveitarstjórnar	50%	(kr. 762.921.-)
Aðrir sveitarstjórnarfulltrúar	10%	(kr. 152.584.-)
Fyrsti varafulltrúi í sveitarstjórn	2%	(kr. 30.517.-)

Fundir:

Oddviti sveitarstjórnar	3%	(kr. 45.775.-)
Aðrir sveitarstjórnarfulltrúar	3%	(kr. 45.775.-)
Varafulltrúar í sveitarstjórn	3%	(kr. 45.775.-)

Sæki sveitarstjórnarfulltrúi fundi eða ráðstefnur utan Hvalfjarðarsveitar skv. ákvörðun sveitarstjórnar skal greiða 2% (kr. 30.517.-) af viðmiðunarfjárhæð fyrir hvern dag auk ferðakostnaðar.

Greiða skal vegna aksturs á fundi á vegum Hvalfjarðarsveitar utan sveitarfélagsins kílómetragjald skv. ákvörðun ferðakostnaðarnefndar ríkisins og skv. útfylltri akstursdagbók. Oddviti sveitarstjórnar fær fastan bifreiðastyrk á mánuði að fjárhæð kr. 10.000.-

Laun sveitarstjórnarfulltrúa skulu greidd mánaðarlega, eftirá.

Oddviti og sveitarstjórnarfulltrúar eru slysatryggðir skv. almennri slysatryggingu.

Laun fyrir setu í nefndum

Laun nefnda skulu vera í hlutfalli af fyrrgreindri viðmiðunarfjárhæð, kr. 1.525.841.-

Formenn nefnda fá greitt 7% (kr. 106.809.-) af viðmiðunarfjárhæð fyrir hvern fund.

Almennir fulltrúar í nefndum fá greitt 3% (kr. 45.775.-) af viðmiðunarfjárhæð fyrir hvern fund.

Skólastjórar leik- og grunnskóla, kennarar og aðrir fulltrúar, sem lögum samkvæmt er skylt að sitja fundi viðkomandi fagnefndar (áheyrnarfulltrúar), fá greitt 1% (kr. 15.258.-) af viðmiðunarfjárhæð fyrir hvern fund sem þeir sitja.

Starfsfólk sveitarfélagsins fær ekki greidd laun fyrir setu í nefndum.

Nefndarlaun skal greiða tvisvar sinnum á ári 1. júní og 1. desember og miðast við framlagðar, undirritaðar fundargerðir.

Laun fyrir setu í ráðum/vinnuhópum/stýrihópum

Laun ráða/vinnuhópa/stýrihópa skulu vera í hlutfalli af fyrrgreindri viðmiðunarfjárhæð, kr. 1.525.841.-

Formenn ráða/vinnuhópa/stýrihópa fá greitt 3% (kr. 45.775.-) af viðmiðunarfjárhæð fyrir hvern fund.

Almennir fulltrúar í ráðum/vinnuhópum/stýrihópum fá greitt 1,5% (kr. 22.888.-) af viðmiðunarfjárhæð fyrir hvern fund.

Launagreiðslur til vinnu- og stýrihópa skulu formlega og fyrirfram samþykkt af sveitarstjórn hverju sinni.

Starfsfólk sveitarfélagsins fær ekki greidd laun fyrir setu í ráðum/vinnuhópum/stýrihópum.

Laun fyrir setu í ráðum/vinnuhópum/stýrihópum skal greiða tvisvar sinnum á ári 1. júní og 1. desember og miðast við framlagðar, undirritaðar fundargerðir.

Laun fyrir setu í kjörstjórn

Laun kjörstjórnar skulu vera í hlutfalli af fyrrgreindri viðmiðunarfjárhæð, kr. 1.525.841.-

Formaður kjörstjórnar fær greitt 7% (kr. 106.809.-) af viðmiðunarfjárhæð fyrir hvern fund.

Almennir kjörstjórnarfulltrúar fá greitt 3% (kr. 45.775.-) af viðmiðunarfjárhæð fyrir hvern fund.

Laun fyrir setu í kjörstjórn skulu greidd að loknum kosningum hverju sinni og miðast við framlagðar, undirritaðar fundargerðir.

Önnur réttindi

Greitt er 11,5% mótframlag launagreiðanda í lífeyrissjóð, ekki er greitt mótframlag vegna greiðslu í séreignasjóð.

Aðalfulltrúar í sveitarstjórn geta, gegn framvísun kaupnótu/reiknings, fengið styrk til tölvukaupa að fjárhæð kr. 100.000.- á kjörtímabili.

Gildistaka

Reglur þessar skulu taka gildi frá og með 1. janúar 2025.

Samþykkt í sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar 22. janúar 2025.